



7. janúar 2021


Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

**Efni:** Umsögn SSA um drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur yfirfarið drög að tillögu Skipulagsstofnunar um viðbætur við landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem birt voru á heimasíðu stofnunarinnar í nóvember. Sótti SSA kynningarfund haldinn af Skipulagsstofnun fyrir sveitastjórnarfolk á Austurlandi þann 11. desember 2020 sem og upplýsinga- og umræðufund hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þann 22. desember 2020. Ábendingar við drögin eru settar fram á grundvelli umræðu á þessum fundum.

Í upphafi vill SSA fagna þeirri miklu vinnu sem unnin hefur verið í undirbúningi þessara tillagna. Ýmiskonar verkfæri og samantektir hafa orðið til í ferlinu sem auka upplýsingar og styrkja grundvöll umræðu um einstaka þætti stefnunnar eftir því sem umsagnar- og vinnsluferli tillögunar vindur fram. Má þar nefna t.d. greiningu landslagsgerða, samantekt um skipulag vindorkunýtingar, tengsl skipulags og heilsu sem og kortlagningu mannvirkja og þjónustu á miðhálandinu.


SSA vill í þessu samhengi benda á mikilvægi þess að landsskipulagsstefna gefi áfram færi á mótun og þróun samfélagaga um allt land á þeirra forsendum. Horfa þarf til allra þátta sem gerir samfélag eftirsóknarvert fyrir íbúa í því samhengi og jafnframt hafa sveigjanleika til staðar svo ekki verði allir steypdir í sama mót. Nauðsynlegt er að skipulagsvinna sé áfram unnin á grundvelli faglegra forsendna byggt á bestu mögulegu upplýsingum sem og sýn þeirra sem byggja samfélögin um þróun þeirra til lengri tíma. Vill SSA benda á mikilvægi svæðisskipulags í þessum efnum sem brú á milli landsskipulagsstefnu og aðalskipulaga sveitarfélaga.



Að öðru leiti vill SSA vill taka undir þær ábendingar og umfjöllun sem fram kemur í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og snúa annars vegar að hugsanlegum kostnaðaráhrifum tillagna og hins vegar að mati á hvort tillögurnar komi til með að auka flækjustig við skipulagsgerð.

Jafnframt áskilur SSA sér rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum þessa máls.

Fh. SSA



---

Jóna Árný Þórðardóttir  
Framkvæmdastjóri